

Sátt

vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kaupum Regins hf. og Haga hf. á hluta af hlutafé KLS eignarhaldsfélags ehf. í Klasa ehf.

Kaup Regins hf. (hér eftir Reginn) og Haga hf. (hér eftir „Hagar“) á hlutafé KLS eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir „KLS“) í Klasa ehf. (hér eftir „Klasi“), sem leiða til sameiginlegra yferráða Regins, Haga og KLS í Klasa fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og Hagar hafa gert með sér eftirfarandi sátt samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga. Í henni felst að Hagar skuldbinda sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c samkeppnislaga:

I. kafli.

Almenn ákvæði

1. gr.

Pörf á ihlutun

Að óbreyttu raskar samruni þessa máls virkri samkeppni á markaði fyrir smásölu dagvöru á höfuðborgarsvæðinu. Því er nauðsynlegt að grípa til ihlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og Hagar eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

2. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Markmið sáttarinnar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að efla og vernda virka samkeppni á markaðnum fyrir smásölu dagvöru á höfuðborgarsvæðinu. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að Samkeppniseftirlitið hafi yfirsýn yfir áhrif samrunans á stöðu Haga á dagvörumarkaði en ekki liggur fyrir með nákvæmum hætti hvaða eignir verða þróaðar á grunni samrunans. Fyrir liggur að Hagar hafa ekki kauprétt / forkaupsrétt að þeim eignum sem þróaðar verða í samstarfi við Klasa.

II. kafli.

Tilkynningarskylda Haga hf. til Samkeppniseftirlitsins

3. gr.

Andlag tilkynningarskyldunnar, tímarammi o.fl.

Tilkynningarskylda þessi er afmörkuð við samninga um kaup eða leigu Haga á eignum undir dagvöruverslanir sem verða þróaðar og byggðar undir stjórn Klasa eða Regins.

Hagar munu tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samninga sem falla undir 1. mgr. 3. gr. innan fimm virkra daga frá því bindandi samningur kemst á milli aðila. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um samningsaðila, um hvaða eign sé að ræða, kjör Haga og tímalengd samnings.



4. gr.

Endurskoðun

Högum er heimilt að óska eftir endurupptöku eða endurskoðun sáttarinnar, að þremur árum liðnum frá framkvæmd samrunans, í samræmi við ákvæði VI. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og einnig 3. mgr. 17. gr. f samkeppnislaga.

Að fengnu erindi frá Högum skal Samkeppniseftirlitið taka rökstudda afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda skilyrðum skv. 3. gr. sáttar þessarar.

5. gr.

Gildistaka

Skuldbindingar Haga samkvæmt 3. gr. sáttar þessarar taka gildi þegar samruninn kemur til framkvæmda.

Reykjavík, 10. júní 2022

F.h. Haga hf.

F.h. Samkeppniseftirlitsins

Finnur Oddsson

Páll Gunnar Pálsson

Sátt

vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kaupum Regins hf. og Haga hf. á hluta af hlutafé KLS eignarhaldsfélags ehf. í Klasa ehf.

Kaup Regins hf. (hér eftir Reginn) og Haga hf. (hér eftir „Hagar“) á hlutafé KLS eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir „KLS“) í Klasa ehf. (hér eftir „Klasi“), sem leiða til sameiginlegra yferráða Regins, Haga og KLS í Klasa fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og Hagar hafa gert með sér eftirfarandi sátt samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga. Í henni felst að Hagar skuldbinda sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c samkeppnislaga:

I. kafli.

Almenn ákvæði

1. gr.

Pörf á ihlutun

Að óbreyttu raskar samruni þessa máls virkri samkeppni á markaði fyrir smásölu dagvöru á höfuðborgarsvæðinu. Því er nauðsynlegt að grípa til ihlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og Hagar eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

2. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Markmið sáttarinnar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að efla og vernda virka samkeppni á markaðnum fyrir smásölu dagvöru á höfuðborgarsvæðinu. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að Samkeppniseftirlitið hafi yfirsýn yfir áhrif samrunans á stöðu Haga á dagvörumarkaði en ekki liggur fyrir með nákvæmum hætti hvaða eignir verða þróaðar á grunni samrunans. Fyrir liggur að Hagar hafa ekki kauprétt / forkaupsrétt að þeim eignum sem þróaðar verða í samstarfi við Klasa.

II. kafli.

Tilkynningarskylda Haga hf. til Samkeppniseftirlitsins

3. gr.

Andlag tilkynningarskyldunnar, tímarammi o.fl.

Tilkynningarskylda þessi er afmörkuð við samninga um kaup eða leigu Haga á eignum undir dagvöruverslanir sem verða þróaðar og byggðar undir stjórn Klasa eða Regins.

Hagar munu tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samninga sem falla undir 1. mgr. 3. gr. innan fimm virkra daga frá því bindandi samningur kemst á milli aðila. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um samningsaðila, um hvaða eign sé að ræða, kjör Haga og tímalengd samnings.



4. gr.

Endurskoðun

Högum er heimilt að óska eftir endurupptöku eða endurskoðun sáttarinnar, að þremur árum liðnum frá framkvæmd samrunans, í samræmi við ákvæði VI. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. og einnig 3. mgr. 17. gr. f samkeppnislaga.

Að fengnu erindi frá Högum skal Samkeppniseftirlitið taka rökstudda afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda skilyrðum skv. 3. gr. sáttar þessarar.

5. gr.

Gildistaka

Skuldbindingar Haga samkvæmt 3. gr. sáttar þessarar taka gildi þegar samruninn kemur til framkvæmda.

Reykjavík, 10. júní 2022

F.h. Haga hf.

F.h. Samkeppniseftirlitsins

Finnur Oddsson

Páll Gunnar Pálsson